

Nd.

382. Frumvarp til laga

[53. mál]

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 17. gr. laganna bætist:

Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir, á hvaða ári eignaraukinn hefur myndast, og getur framtalsnefnd þá skipt því, sem umfram kann að verða, jafnt á skattárin 1942—46 og reiknað skatt af hverjum hluta sem viðbótartekjum og viðbótareign fyrir hvert ár, þó þannig, að skatturinn fyrir öll árin nemi ekki minna en 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og 25% af því, sem þar er fram yfir. Ákvæði þessi gilda einnig um eignarauka, sem til hefur orðið fyrir 1. janúar 1940, en þá þó þannig, að sannist ekki, hvaða ár tekjuundandrátturinn, sem hefur myndað eignaraukann, hefur átt sér stað, skal skipta honum á árin 1936—40.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.